

Ár 1978, mánudaginn 3. júlí, var í málinu nr. 5/1978
kveðin upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að Sigfús Jónsson, Söndum í Ytri-Torfustaðahreppi, er eigandi 1/3 hluta jarðarinnar Litlu-Tungu í Fremri-Torfustaðahreppi. Hann á jafnframt 3/4 hluta jarðarinnar Litla-Hvamms, sem einnig er í Fremri-Torfustaðahreppi, eða jafnvel jörðina alla. Hann hefur verið krafinn um greiðslu 4% hlunnindaskatts af hlunnindum þessara jarða í sveitarsjóð Fremri-Torfustaðahrepps árin 1973 - 1977 í réttu hlutfalli við eignarhluta hans í nefndum jörðum. Samkvæmt bréfi Innheimtustofnunar sveitarfélaga frá 27. febrúar 1978 er þar um að ræða 4% hlunnindaskatt af 1/3 hluta hlunninda jarðarinnar Litlu-Tungu og 3/4 hluta hlunninda jarðarinnar Litla-Hvamms.

Samkvæmt gögnum málsins hefur Sigfús Jónsson talið ofangreinda skattlagningu heimildarlausu. Hann telur sig ekki vera utansveitarmann í skilningi 4.mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Hann bendir meðal annars á, að hann geti ekki talist utansveitarmaður í Miðfirði. Miðfjarðará eigi upptök sín á heiðum þeim, sem báðir Torfustaðahreppar eigi, enda sé veiðifélag eitt og sama fyrir báða hreppana. Sé ljóst, að umrætt lagaákvæði um hlunnindaskatt beinist gegn annars konar aðilum.

Með bréfi dags. 28. apríl 1978 óskaði Innheimtustofnun sveitarfélaga þess fyrir hönd Fremri-Torfustaðahrepps, að Yfirfasteignamatsnefnd tæki ofangreint deiluefni til úrskurðar.


Samkvæmt framsögðu verður að líta svo á, að óskað sé úrskurðar um það, hvort Sigfúsi Jónssyni sé skylt að svara sérstökum hlunnindaskatti af eignarhluta sínum í jörðunum Litlu-Tungu og Litla-Hvammi í Fremri-Torfustaðahreppi / í sveitarsjóð þess hrepps samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Vegna fortakslauss orðalags þessa ákvæðis verður að skýra það svo, að sveitarfélagi sé heimilt að leggja nefndan 4% hlunnindaskatt á hlunnindi í eigu manna, sem heimili eiga í öðru sveitarfélagi. Samkvæmt því var sveitarsjóði Fremri-Torfustaðahrepps heimilt að leggja skatt þennan á eignarhluta Sigfúsar Jónssonar í hlunnindum umræddra jarða.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Sigfúsi Jónssyni, Söndum í Ytri-Torfustaðahreppi, er skylt að svara sveitarsjóði Fremri-Torfustaðahrepps 4% fasteignaskatti af eignahluta sínum í hlunnindum jarðanna Litlu - Tungu og Litla-Hvamms samkvæmt lögum nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, 3. gr. 4. mgr..



Gaukur Jörundsson


Magnús Thoróddsen


Guðmundur Magnússon